

Heimsóknin mín í Viðey

Ég ætla að heimsækja Viðey. Þar get ég farið í fjöruna, Gamla skólahúsið eða skoðað Friðarsúluna. Ég get líka slakað á og notið náttúrunnar. Það er sniðugt fyrir mig að taka með mér nesti til Viðeyjar. Nestið get ég borðað eftir alla útiveruna.

Ferjusiglingin



Til að komast í Viðey þarf ég að taka ferju sem siglir frá Skarfabakka. Ferjusiglingin þaðan tekur um 5 mínútur. Áður en ég fer í ferjuna þarf ég að kaupa miða í hana. Ég get keypt miða fyrirfram með því að fara á heimasíðu Eldingar. Þá þarf ég ekki að kaupa miða í miðasölu áður en ég fer um borð.

Ef ég hef ekki keypt mér miða í ferjuna fyrirfram get ég keypt miða í miðasölu á Skarfabakka. Hún er staðsett í litlu, hvítu húsi spölkorn frá landganginum sem ég geng um til að fara í ferjuna. Húsið er mjög lítið. Ef margir eru á leiðinni í Viðey getur verið svolítið þröngt þar inni. Í miðasöluhúsinu er líka salerni sem ég get notað áður en ég fer í ferjuna.

Til þess að komast í ferjuna þarf ég að ganga um landgang niður á flotbryggju sem ferjan liggur við. Af flotbryggjunni fer upp ég nokkur þrep upp á timburpall og þaðan niður í ferjuna. Starfsmenn ferjunnar geta aðstoðað mig ef ég vil. Í ferjunni ætla ég að finna mér stað til þess að setjast niður. Ég get fundið mér sæti inni í ferjunni eða úti á dekki.



Til þess að átta mig á staðháttum í Viðey get ég fengið kort í miðasölu og líka um borð í ferjunni. Kortið get ég líka nálgast [vef safnsins](#). Ég get valið mér hvað ég vil skoða og skipulagt dvölinna í Viðey með því að skoða kortið.

Komið í Viðey



Kirkjan og Viðeyjarstofa

Við bryggjuna í Viðey bíð ég þar til starfsmaður ferjunnar gefur mér leyfi til þess að ganga í land. Þegar ég geng frá borði þarf ég að fara upp á pall með nokkrum þrepum niður á flotbryggju. Þaðan geng ég á landganginn. Af landganginum kem ég á breiða timburbryggju sem liggur upp á eyju.

Fyrstu húsin sem ég sé í Viðey eru Viðeyjarstofa og kirkjan. Ef ég vil ganga að þessum húsum geng ég annað hvort upp hellulagðan veg eða upp göngupall.



Hestúsið

Nestis- og salernisaðstaða í Viðey

Ef ég er með nesti get ég fundið mér fallega laut eða tyllt mér á einn af fjölmörgum bekkjum á eyjunni og borðað nestið þar. Ef ég vil, get ég líka komist í betri nestisaðstöðu og salernisaðstöðu í Viðey. Það geri ég í Viðeyjarnausti, Hestúsinu eða í Skólahúsinu. Í Viðeyjarstofu get ég keypt mér mat og drykk ef ég vil og notað salernið.

Starfsfólk í Viðey

Ef ég heimsæki Viðey að vetri til er ólíklegt að ég rekist á starfsfólk við vinnu utandyra. Yfir sumartímann gæti ég séð starfsfólk þar. Þau eru þó ekki í einkennisfötum og sennilega ekki með merki safnsins um hálsinn. Ef ég rekst á starfsfólk í Viðey get ég alltaf leitað til þeirra ef mig vantar upplýsingar eða aðstoð.

Í Viðeyjarstofu er alltaf starfsfólk og Viðeyjarstofa er opin eftir áætlunarsiglingum út í eyjuna. Ég get leitað til starfsfólksins þar ef mig vantar upplýsingar eða aðstoð.



Viðeyjarnaust

Byggingar og list í Viðey

Það er ýmislegt sem ég get gert í Viðey. Ég gæti haft gaman af því að ganga að og kíkja inn í húsin í Viðey. Viðeyjarkirkja, Viðeyjarstofa og Gamla skólahúsið standa öllum opin. Ég má fara inn í þessi hús og skoða ef ég vil.

Viðeyjarnaust er einfaldur skáli sem er opin yfir sumartímann. Það tekur mig um 15 mínútur að ganga frá bryggjunni að Naustinu. Þar kemst ég á salernið og get notað aðstöðuna í skálanum til þess að borða nestið. Þar get ég líka sest niður og hvílt mig um stund.



Gamla skólahúsið



Friðarsúlan



Á austurhluta eyjarinnar finn ég Gamla skólahúsið. Í skólahúsinu er sýning sem tengist sögu, list og náttúru Viðeyjar. Ef veðrið er ekki eins og best verður á kosið er líka tilvalið fyrir mig að fara í skólahúsið og nota aðstöðuna þar. Þar finn ég stóla, borð og salerni. Stutt frá skólahúsinu er vatnstankur sem ég gæti haft gaman af að sjá.

Viðey er rík af listaverkum. Þar get ég til dæmis skoðað Friðarsúluna og listaverkið Áfanga. Áfangar er umhverfislistaverk sem stendur dreift um alla Vesturey.

Stundum finnst mér það sem ég sé áhugavert og stundum ekki. Það er allt í lagi að mér finnst ekki allt áhugavert eða skemmtilegt. Ég ætla líka að muna að ég þarf ekki að skoða og sjá allt sem Viðey hefur upp á að bjóða. Ég má líka alveg fara út í Viðey og bara slaka á.

Í Viðey eru brattir klettur og þangi vaxnar fjörur með hálum steinum. Það er því mikilvægt að ég fari varlega.

Heimferð

Ferjan fer á fyrirfram ákveðnum tímum til og frá Viðey. Ég get nálgast þær upplýsingar á [vef safnsins](#) eða í miðasölu. Áður en ég kaupmiðann ætla ég að skipuleggja ferðina mína. Þá veit ég klukkan hvað ég ætla að taka ferjuna aftur til baka frá eyjunni. Allir sem heimsækja Viðey eru háðir ferjusiglingu til baka á Skarfabakka. Það er því mikilvægt að ég fylgist með tímanum meðan á heimsókninni stendur. Það getur tekið drjúgan tíma fyrir mig að ganga frá vestasta eða austasta hluta Viðeyjar að bryggjunni þar sem ég fer í ferjuna.

Þegar ferjan kemur að bryggju, bíð ég þar til starfsmaður ferjunnar gefur mér leyfi til þess að stíga um borð. Í ferjunni ætla ég að finna mér stað til þess að setjast niður. Ég get bæði fundið mér sæti inni í ferjunni eða úti á dekki.

Þegar ferjan leggur að bryggju á Skarfabakka, bíð ég þar til starfsmaður gefur mér leyfi til þess að stíga frá borði. Þegar ég hef fengið leyfi, stíg ég upp úr ferjunni á pallinn við ferjuna. Þaðan stíg ég niður á flotbryggjuna og svo á landganginn sem liggur upp á land.